

# KÖNNUN UM TRAUST TIL LANDHELGISGÆSLUNNAR

Í nóvember 2012 gerði MMR könnun um hversu mikið traust landsmenn bera til Landhelgisgæslunnar og annarra stofnanna á sviði réttarfars og dómstóla. Hér verður helstu niðurstöðum gerð skil og þær skýrðar.

## AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði könnunar er góð. Úrtakið er stórt ekki en svarhlutfall liggur ekki fyrir en ef svarhlutfall er lítið getur verið erfitt að álykta út frá niðurstöðum. Ekki er ljóst hvort að úrtak könnunar sé lýsandi fyrir þýðið, þ.e. landsmenn alla en í fyrri könnunum MMR hefur samsetning úrtaks verið lýsandi fyrir þýðið og því mætti ætla að svo sé einnig nú þótt upplýsingar um slíkt liggi ekki fyrir. Þegar talað er um að úrtak sé lýsandi fyrir þýði er verið að vísa til þess að hlutfall kyns, aldurshópa og búsetu þess sem taka þátt í könnunni sé svipað og hjá landsmönnum öllum sem hafa náð 18 ára aldri. Það þýðir að hlutfallslega eru u.þ.b. jafn margir í hverjum hóp (aldurshópur, kyn búseta) í úrtakinu og eru raunverulega í þessum hópum.

## GRUNNIÐURSTÖÐUR

Spurt er um traust. Þátttakendur geta valið um fimm valmöguleika; Mjög mikið traust, frekar mikið traust, hvorki né, frekar lítið traust, mjög lítið traust.

### MIKIÐ TRAUST

Alls sögðust 87,3% eða 773 af 879 bera mikið eða mjög mikið traust til LHG. Vikmörk þeirra tölu eru 2,2%. Það þýðir að við getum fullyrt með 95% vissu að ef allir Íslendingar 18 ára og eldri yrðu spurðir um traust til LHG myndu **85.1% to 89.5%** þeirra segjast bera mikið eða mjög traust til LHG. Þetta þýðir það að það er aðeins 5% líkur á að niðurstaðan sé tilkomin vegna tilviljunar, þ.e. lýsi ekki raunveruleikanum eins og hann er. Ef svo er, þ.e. að niðurstaðan sé hrein tilviljun og lýsi ekki raunveruleikanum er hægt að gefa sér að 2,5% líkur séu á því að í raunveruleikanum sé traust til LHG meira en 89,5% og 2,5% líkur að traust til LHG sé minna en 85,1%. Þetta þýðir það að ef eingöngu er litið til þessara könnunar sé einungis rúmlega 2% líkur á að í raun og veru sé traust til LHG meðal Íslendinga sé minna en kemur fram í könnun MMR.

Þegar sagt er að hægt sé að fullyrða með 95% vissu að **85.1% to 89.5%** Íslendinga beri mikið traust til LHG er á sama tíma verið að segja að ef 100 samskonar rannsóknir yrðu gerðar myndu 95 af þeim endurspeglar raunveruleikann en 5 myndu ekki gera það.

Vegna þess hversu svipaðar niðurstöður hafa verið þegar spurt er um traust til LHG verður að teljast mjög ólíklegt að niðurstaða hennar sé tilkomin vegna tilviljunar. Niðurstaðan er því sú að mjög líklegt er að hlutfall þeirra sem bera mikið traust til LHG sé einhverstaðar á bilinu **85.1% to 89.5%** Hvar á þessu bili traustið er, er erfitt að fullyrða um.

## Lítið traust

Alls sögðust 2,5% eða 23 af 979 bera lítið eða mjög lítið traust til LHG. Vikmörk þeirra tölu eru 1,03% Það þýðir að við getum fullyrt með 95% vissu að ef allir Íslendingar 18 ára og eldri yrðu spurðir um traust til LHG myndu **1,47 til 3.53%** þeirra segjast bera lítið traust til LHG

## SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR STOFNANIR

---

Traust til LHG er marktækt meira en annarra stofnanna á sviði réttarfars og dómstóla. Eins og áður sagði sögðust 87,3% þátttakenda í könnun MMR bera mikið eða mjög mikið traust til LHG. Sú stofnun sem kemst næst þessari LHG hvað traust varðar er Ríkislögreglustjóri en 64,9% þátttakanda sögðust bera mikið eða mjög mikið traust til hans. Í raun er hægt að fullyrða að með 99,9% vissu að traust landsmanna til LHG sé raunverulega meira en til annarra stofnanna á sviði réttarfars og dómstóla.

Vantraust til LHG er einnig marktækt minna heldur en annarra stofnanna á sviði réttarfars og dómstóla. Í könnun MMR segja 2,5% þátttakenda bera lítið eða mjög lítið traust til LHG. Sú stofnun sem kemst næst LHG hvað vantraust varðar er Ríkislögreglustjóri en 10,6% þátttakenda sögðust bera lítið eða mjög lítið traust til hans. Aftur er í raun hægt að fullyrða að með 99,9% vissu aðvan traust landsmanna til LHG sé raunverulega minna en til annarra stofnanna á sviði réttarfars og dómstóla.

Af þessu má sjá að LHG er með afgerandi meira traust en aðrar stofnanir á sviði réttarfars og dómstóla en einnig er langt um fæstir sem bera lítið eða mjög lítið traust til LHG í samanburði við aðrar sambærilegar stofnanir.

Út frá niðurstöðum má álykta að 10,2% þátttakenda hafi ekki tekið afstöðu til LHG, þ.e. sagst hvorki bera traust né vantraust til LHG. Það er langt um lægra hlutfall en hjá öðrum stofnunum en næstflæstir, 24,5% tóku ekki afstöðu til Ríkislögreglustjóra. Það að lang flestir skuli taka afstöðu til LHG bendir líklega til þess að LHG sé vel kynnt fyrir landsmönnum amk það vel kynnt að nokkuð fleiri treysta sér til að móta sér skoðun á trausti gagnvart LHG en öðrum sambærilegum stofnunum.

## BREYTINGAR YFIR TÍMA

MMR hefur gert könnun á trausti stofnanna á sviði réttarfars og dómsmála frá október 2009. Hér að neðan má sjá niðurstöður LHG frá upphafi mælinga.

<b>Framkvæmd rannsóknar</b>	<b>Mikið – mjög mikið traust</b>	<b>Lítið – Mjög lítið traust</b>
<b>Október 2009</b>	77,6%	5,0%
<b>Október 2010</b>	77,6%	3,8%
<b>Febrúar 2011</b>	80,8%	4,0%
<b>Október 2011</b>	78,3%	4,7%
<b>Nóvember 2012</b>	87,3%	2,5%

Eins og sjá má eru breytingar á trausti til LHG litlar frá 2009 til 2011. Ekki var marktækur munur á mælingum á þessum árum því má segja að afar líklegt sé að breytingar á vantrausti sem og trausti milli ára megi rekja til tilviljunar. Á árunum 2009 til 2011 þegar LHG stóð í stað hvað traust varðar í könnunum MMR breytist traust til annarra stofnanna almennt marktækt til hins verra. Það er ekki fyrr en nú að marktækur munur er á milli mælinga hjá LHG bæði hvað traust og vantraust varðar. Það þýðir að fullyrða megi með 95% vissu að traust til LHG hafi aukist á s.l ári og að sama skapi hafi vantraust til stofnuninnar minnkað. Þess ber að geta að traust eykst marktækt til allra stofnanna á sviði réttarfars og dómstóla frá síðustu mælingu. Því virðist vera almennt aukið traust til stofnanna á sviðinu.

## SAMANTEKT

Íslendingar bera mikið traust til LHG og meira traust til LHG en annara sambærilegra stofnanna. Mjög ólíklegt er að niðurstaðan sé tilkomin vegna tilviljunar. Ánægjulegt er að LHG hefur ekki glatað trausti landsmanna frá október 2009 og aukið það frá 2011. Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi LHG á þessum tíma. Vegna þrenginga, gengisbreytinga, olíuverðs og niðurskurðar í fjarframlögum umfram það sem aðrar löggæslustofnanir hafa orðið að þola hafa gert það að verkum að LHG hefur þurft að taka að sér verkefni í fjarlægum löndum sem hefur dregið úr getunni hér heima en að sama skapi gert það mögulegt að halda þó þeirri starfsemi í gangi. Staða þyrlumála hefur einig verið nokkuð frá því sem LHG hefur metið nauðsynlegt og tæki og mannskapur að stórum hluta ekki til taks á Íslandi. Þessi veruleiki hefur ekki farið framhjá fjölmiðlum og fjölmargar fréttir hafa birst þar sem fjallað hefur verið um skerta starfsemi LHG við Íslandsstrendur og á landi. Í þessu ljósi er

afskaplega ánægjulegt að traust til LHG hafi ekki farið minnkandi frá árunum 2009 til 2011 og enn ánægjulegra að það hafi aukist frá árinu 2011 og þar til nú. Sú staðreynd er eitt merki þess að þær rekstrarlegu björgunaraðgerðir sem LHG hefur farið í hafi tekist vel.